



Oddeyrarskóli Tengja

5. tölublað
skólaárið
2012-2013

Janúar 2013

Heil og sæl kærur foreldrar/forráðamenn og gleðilegt nýtt ár!

Nú í janúar hefjum við skólastarfið með pomp og prakt eins og venja stendur til.

Árshátíð skólans verður haldin **laugardaginn 26. janúar** og biðjum við alla um að taka daginn frá :)

Nú eru nemendur byrjaðir að huga að leikritum eða öðrum atriðum til að sýna á árshátíð og árshátíðarnefnd skólans er að hefja sinn undirbúning. Árshátíðin verður haldin með hefðbundnu sniði, þ.e. í tvennu lagi, þannig að allir bekkir sýna atriði á annarri hvorri sýningunni, en 10. bekkur sýnir á báðum. Foreldrar nemenda í skólanum annast veitingar undir stjórn foreldrafélagsins. Frí verður í skólanum vegna árshátíðar mánudaginn 28. janúar.

Um miðjan febrúar er aftur komið að leiðsagnarmati. Leiðsagnarmat verður opnað nemendum og kennurum til útfyllingar í síðasta lagi 1. febrúar. Mikilvægt er að allir nemendur fylli leiðsagnarmatið út og að foreldrar taki þátt í því. Með því móti verða viðtölin mun skilvirkari og auka líkur á árangri í námi barnanna.

Nemenda- og foreldraviðtöl verða mánudaginn 11. febrúar. Nánari upplýsingar um þetta koma síðar.

12. febrúar er skipulagsdagur kennara og eftir það tekur við þriggja daga vetrarfrí.

Leyfisbeiðnir ef nemendur eru frá þrjá daga eða lengur

Ef foreldrar þurfa að fá leyfi fyrir börn sín í þrjá daga eða meira í senn þurfa þeir hér eftir að sækja um það til skólastjórnenda á þar til gerðu eyðublaði sem finna má á heimasíðu skólans.


Skólastjórnendur veita leyfið í samráði við umsjónarkennara barnanna. Skv. 15 grein Grunnskólalaga frá 2008 er öll röskun á námi sem hlýst af leyfum frá skóla á ábyrgð foreldra eða forráðamanna. Þar segir um tímabundna undanþágu barns frá skólagöngu: *“Forráðamaður skal sjá til þess að nemandinn vinni upp það sem hann kann að missa úr námi á meðan undanþágu stendur.”*

Stærðfræðiverkefni í Moodle

Undanfarin ár hafa nemendur á unglingastigi leyst stærðfræðiverkefni í gagnvirka vefumhverfinu *Moodle*. Verkefnið hefur verið samstarf Oddeyrarskóla og Brekkuskóla. Nemendur fá aðgangsorð og lykilorð að hausti og komast þannig inn á sitt svæði. Vikulega opnast ný verkefni og eru þau aðgengileg frá föstudagsmorgni til fimmtudagskvölds. Nemendur geta leyst verkefnið hvenær sem er innan þessa tímaramma og hafa tvær tilraunir og gildir sú betri til einkunnar.

Verkefnið eru ætluð 8., 9. og 10. bekk og miðast þau við námsefni bekkjanna en smátt og smátt höfum við bætt við upprifjun þar sem verkefnið eru stundum nokkuð krefjandi. Síðasta vetur var byrjað að setja málfræðiverkefni fyrir unglingastig á sama form og það stendur til að koma 7. bekk af stað fljótlega að vinna heimaverkefni í stærðfræði á þennan hátt. Verkefnið eru í stöðugri þróun og það er markmið okkar að bæta og efla þetta námsumhverfi.





Ný skólanámskrá í smíðum

Starfsmenn Oddeyrarskóla eru nú að vinna að gerð nýrrar skólanámskrár fyrir skólann.

Nú eru komin drög að sýn fyrir skólann. Starfsmenn skólans hafa unnið úr ýmsum upplýsingum og komið með hugmyndir. Einnig höfum við fengið athugasemdir og tillögur frá nemendum og foreldrum og texti hefur verið unninn úr þeim.

Ný sýn Oddeyrarskóla verður kynnt og rædd á fundi starfsmanna nú í janúar og í framhaldinu munu starfsmenn vinna í hópum að undirköflum nýrrar námskrár.

Námskrárvinna er tímafrek og þarf að vanda vel að gerð hennar. Allir starfsmenn skólans taka þátt í vinnu við hana. Ef áætlun stenst verða drög að nýrri skólanámskrá Oddeyrarskóla kynnt foreldrum til umræðu á vordögum.

Við hvetjum foreldra til að kynna sér nýja aðalnámskrá grunnskóla, en hana má finna á heimasíðu Mennta- og menningarmálaráðuneytisins: <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/>

Nýr starfsmaður

Í byrjun janúar hóf nýr starfsmaður störf hjá okkur, en það er Íris Björk Sigurjónsdóttir.

Hún verður skólaliði í afleysingum til vors 2013 og kemur í stað Guðlaugar Jóhannsdóttur sem hætti í desember.

Við bjóðum Írisi Björk hjartanlega velkomna til okkar í Oddeyrarskóla um leið og við óskum Guðlaugu velfarnaðar í nýju starfi.

Byrjendalæsi og Orð af orði—hvað er það?



Við í Oddeyrarskóla höfum í nokkur ár nýtt kennsluáærfærðina **Byrjendalæsi**. Byrjendalæsi er ætlað nemendum í 1. og 2. bekk og hefur aðferðin verið þróuð við Miðstöð skólaþróunar við HA undir forystu Rósu Eggertsdóttur. Markmið Byrjendalæsis er að börn nái góðum árangri í læsi sem allra fyrst á skólagöngu sinni og er gengið út frá því að börn fái lesefni sem kveiki áhuga þeirra, ýti undir ímyndunarafl og hvetji þau til gagnrýnnar hugsunar. Kennarar útbúa kennsluáætlanir í Byrjendalæsi sem ná yfir eina viku í senn. Lotan hefst á því að kennari les texta, sögu eða ljóð fyrir nemendum. Innihaldið er rætt og blæbrigði málsins. Áhersla er lögð á orðaforðann, en ríkur orðaforði eykur lesskilning barna til muna. Eftir lestur tekur við sundurgreinandi vinna þar sem unnið er með stafi og hljóð, réttitun, málfræði, uppbyggingu texta o.fl. Fundin eru lykilorð í textanum og unnið með þau. Áhersla er lögð á leiki og spil. Samhliða þessari vinnu hefst enduruppbygging sem gengur út á að nemendur semji út frá eigin brjósti ýmislegt sem tengist orðaforða og/eða efni textans sem lesinn var í upphafi. Kennarar vinna alltaf eftir fyrirframgerðum kennsluháttum þar sem fram koma markmið kennslu, skipulag og innihald verkefna.

Orð af orði er kennsluáærfærð sem fyrst var kynnt í apríl 2005. Kennarar í 4.-7. bekk í Oddeyrarskóla vinna nú eftir þessari aðferð. Aðferðin er nýtt við að auka skilning í lestri og námi með því að efla orðvitund og orðaforða, fella orðakennslu að hefðbundinni kennslu og gera að föstum lið í kennslu námsgreina. Ráðgjafi frá MSHA leggur til fræðslu og framkvæmdaráætlun, fundar reglulega með kennurum og styður við. Áhersla er lögð á fjölbreytta kennslu og margbreytileg viðfangsefni. Verkefnið hefur gefið góða raun, en margir skólar hafa unnið að því frá 1.-10. bekk. Skólapúlsinn hefur mælt jákvæðar breytingar á viðhorfum unglinga til lesturs í skólum sem hafa tekið þátt í orð af orði.

Höfundur og réttihafi Orðs af orði er Guðmundur Engilbertsson, lektor við HA.

Upplýsingar í þessum texta eru fengnar frá Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri (MSHA).